

til hins stefnda. Hins vegar hafa mörg vitni borið, að hesturinn hafi verið mjög níddur, meiddur og horaður haustinu áður, þá er áfrýjandinn eignaðist hann, og hafi hesturinn heldur ekki þrifzt vel um veturinn.

Það virðist þannig ekki fram komin næg sönnun fyrir því, að meðferð hins stefnda á hestinum hafi verið orsök í dauða hans, eins og áfrýjandinn hins vegar ekki hefur sannað gegn neitun hins stefnda, að hann hafi tekið neina sjerstaka ábyrgð á hestinum aðra en þá, að fara með hann eins og sína eigin hesta, og það virðist hinn stefndi eptir skýrslum vitnanna hafa gjört. Samkvæmt þessu ber að staðfesta undirrettardóminn, einnig að því, er málskostnað í hjeraði snertir, en í málskostnað fyrir yfirdóminum ber áfrýjandanum eptir þessum úrslitum málsins að greiða hinum stefnda 10 krónur.

Að því leyti, sem mál þetta er gjafsóknarmál, hefur flutningur þess verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrettarins á óraskaður að standa. Í málskostnað fyrir yfirdóminum greiði áfrýjandinn Hans Jónsson hinum stefnda Hannesi Hanssyni 10 krónur innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, undir aðför að lögum.

Nr. 28/1876: Amtmaðurinn í suðurumdæminu
vegna jafnaðarsjóðsins þar
gegn

Bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar.

Dómur:

Mál þetta er svo vaxið, að sökum hinnar fjálsu verzlunar, er leidd var í lög 15. apríl 1854, var nýr

lögregluþjónn skipaður í Reykjavík, og voru honum eptir op. br. 24. nóv. 1856 greidd laun úr jafnaðarsjóði suðuramtsins, en 16. nóv. 1874 lýsti amtmaðurinn því yfir í brjefi til bæjarstjórnarinnar, að samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi af 4. maí 1872, 60. gr., yrði að álíta, að jafnaðarsjóður suðuramtsins væri frá 1. janúar 1875 laus við að greiða þessi laun til lögregluþjónsins. Þessu brjefi amtmannsins svaraði bæjarstjórnin 17. desemberm. s. á., og skoraðist undan að greiða launin úr bæjarsjóði, og hjelt því fram, að þessi skylda hvíldi framvegis sem áður á jafnaðarsjóðnum, er eigi gæti losast við hana eptir hinni tilvitnuðu grein í sveitarstjórnarlögunum, heldur þyrfti til þess nýja lagaákvörðun. Amtmaðurinn bar þá málefni þetta 28. s. m. undir úrskurð landshöfðingjans, en tilkynnti jafnframt bæjarstjórninni sama dag, að málinu væri skotið til æðra yfirvalds, og áskildi jafnaðarsjóðnum endurgjald úr bæjarsjóði fyrir það fje, er hann kynni neyðast til að greiða úr jafnaðarsjóðnum í laun lögregluþjónsins frá 1. janúar 1875, og þangað til málið væri á enda kljád. Landshöfðingi bar málið undir úrskurð ráðgjafans, er fjellst á þá skoðun amtmannsins, að jafnaðarsjóðurinn gæti eigi lengur verið skyldur að lúka hin nefndu laun. Amtmaðurinn tilkynnti þá bæjarstjórninni 22. júlí 1875, að hann eigi lengur greiddi launin úr jafnaðarsjóði, og krafðist jafnframt endurgjalds á því fje, er hann hafði lagt út upp í launin frá 1. janúar 1875 til 31. júlí s. á., eða 289 kr. 31 eyr., því launin voru um mánuðinn 41 kr. 33 eyr., og er bæjarstjórnin færðist undan að greiða fjeð, höfðaði hann mál á móti henni til að greiða það, en með dómi, kveðnum upp fyrir Reykjavíkur bæjarþingsrjetti af Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni sem setudómara, 17. febrúar f. á., var bæjarstjórnin dæmd sýkn af kærnum og

kröfum sækjanda, málskostnaður skyldi falla niður, og hinum skipuðu talsmönnum málsviðeigandanna, er báðir höfðu fengið gjafsókn, voru dæmdar 8 kr. hvorum í kaup fyrir flutning málsins úr opinberum sjóði. Þessum dómi hefur nú amtmaðurinn skotið til yfirdómsins, og krafist hins sama þar sem við undirrjettinn, en hinir stefndu hafa hvorki mætt nje mæta látið.

Að því nú er mál þetta snertir, þá hefur það komið fram undir málinu, að þegar hætt var að greiða laun lögregluþjónsins úr jafnaðarsjóðnum 1. ágúst 1875, var lögregluþjóns-sýslanin þegar þar á eptir án nokkurs fyrirvara lögð niður, er virðist bæði benda á það, að lögregluþjónn þessi hafi verið ónauðsynlegur fyrir bæinn, og eins að víkja hafi mátt honum frá án uppsagnar, en þar af virðist aptur beinlínis leiða, að útborgun launanna af áfrýjanda eptir 1. janúar 1875 hafi verið ónauðsynleg, og þegar þar við bætist, að eigi verður sjeð, að bæjarstjórnin hafi gefið áfrýjandanum nokkurt tilefni til þessa, virðist eigi ástæða til að dæma honum endurgjald fyrir það, er hann þannig hefur úti látið ónauðsynlega og án tilefnis af bæjarstjórnarinnar hálfu, og ber því að staðfesta undirrjettardóminn, eða dæma hina stefndu sýkna af kærnum og kröfum áfrýjanda í máli þessu. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður; laun hinna skipuðu talsmanna við undirrjettinn greiðist úr opinberum sjóði, 8 kr. hvorum.

Meðferð málsins fyrir undirrjettinum hefur verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn, hvar áfrýjandinn hefur fengið gjafsókn, lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir stefndu, bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar, eiga af kærnum og kröfum áfrýjanda, amtmannsins í suðuramtinu fyrir hönd jafnaðarsjóðsins þar, í

máli þessu sýknir að vera. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. Hinum skipuðu svara-
mönnum við undirrjettinn, Páli Melsteð málaflut-
ningsmanni og Halldóri yfir kennara Friðrikssyni, ber
að greiða í kaup úr opinberum sjóði, 8 krónur
hvorum fyrir sig.

Mánudaginn 12. febrúarmán.

Nr. 31/1876:

Jón Oddsson og

Guðmundur Hannesson

gegn

Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er risið út af því, að landshöfðingjarit-
ari Jón Jónsson hafði stefnt áfrýndunum, Jóni bónda
Oddssyni í Krísuvík og Guðmundi Hannessyni á Vig-
dísarvöllum, til að mæta í máli, er hann ætlaði að
höfða gegn þeim fyrir ýmislegar yfirsjónir þeirra. Eftir
stefnu þessari mættu tjeðir bændur í ákveðinn tíma,
en Jón landshöfðingjaritari mætti eigi, heldur ritaði
hann hreppstjóranum þar, og bað hann að tjá hinum
forföll sín. Út af þessu höfðuðu fyr nefndir bændur í
sameiningu mál móti Jóni ritara, til að fá skaðabætur
fyrir þetta árangurslausa mót sitt, en með dómi sýslu-
mannsins í Gullbringusýslu 11. maí f. á. var hann
dæmdur sýkn fyrir kærnum og kröfum sækjandanna, og
hinum skipaða talsmanni hans 8 kr. í varnarlaun úr
opinberum sjóði. Þessum dómi hafa nú opt nefndir
bændur skotið til yfirdómsins, og krafizt þar, að hinn
stefndi verði skyldaður til að greiða hvorum þeirra
fyrir sig bætur fyrir vinnutjón, ferðalag og kostnað, er
fyrirkallið olli þeim, og enn fremur 10 krónur hvorum